

Fagráð í hrossarækt

113. fundur

Staður og stund: fjarfundur á teams, þriðjudagurinn 24. október 2023. Kl. 15.30

Mættir: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Elsa Albertsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Mette Mannseth, Sveinn Ragnarsson og Erlendur Árnason. Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir Thorlacius

Dagskrá:

- Fundarsetning
- Framvinduskýrslur verkefna
- Ráðstefna Fagráðs
- Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setti fundinn og bauð fólk velkomið.

2. Framvinduskýrslur verkefna

Farið var yfir framvindu verkefna sem þegar hefur verið samþykkt að styrkja úr Stofnverndarsjóði Íslenska hestsins. Samþykkt var að greiða út styrk eftirfarandi verkefna.

Hlutlægt mat á holti í íslenska hestinum, 1. hluti.

Forrannsókn á erfðamörkum og hormónum sem tengjast velferð og lærdómsgetu reiðhesta

Líkamsþungahlutfall milli knapa og hesta á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins og tengsl við árangur, heilbrigði og endingu

Framþróun erfðagreininga í þágu íslenska hestakynsins

Rætt var um mikilvægi Stofnverndarsjóðs og að það þyrfti að tryggja að geta fengið frekara fjármagn til að styðja við rannsóknir. Þetta er nær eini sjóðurinn sem hrossaræktendur geta náð í og það þarf að koma betra aðgengi að sjóðnum.

3. Ráðstefna fagráðs

Farið var yfir drög að dagskrá ráðstefnu fagráðs. Að venju er skýrt frá helstu niðurstöðum ársins, tölfræði kynbótadóma, hvaða hryssur ná lágmarkum til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi. Hryssurnar eru að þessu sinni ellefu talsins hérlendis og að auki náði einn stóðhestur lágmarkum fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi. Þá var

farið yfir þau ræktunarbú sem tilnefnd verða í ár en stuðst er við sömu reglur og áður nema að nú verður a.m.k. einn aðili bús að vera aðili í Bændasamtökum Íslands. Ákveðið hefur verið að bíða með heiðursverðlaun fagráðs fram að landsmóti. Tekið var fyrir að það eru hross fædd á Íslandi sem hafa náð lágmörkum fyrir afkvæmi og hafa ekki fengið sýna viðurkenningu. Síðan 2018 hafa þessi verðlaun verið samræmd innan allra aðildarlanda FEIF. Miðað er við að hross hljóti viðurkenningu í því landi sem það er staðsett í. Hins vegar er bagalegt ef það er misbrestur á að ganga frá dómsorðum og þar með viðurkenna þennan mikla áfanga. Elsa mun taka fyrir þetta á FEIF fundi sem haldinn verður síðustu vikuna í október og koma þessu málum í réttan farveg.

Stefnt er að halda ráðstefnuna 18. nóvember og verður henni einnig streymt.

4. Önnur mál

Næsti fundur fagráðs í hrossarækt er áætlaður þann 8. nóvember n.k. kl. 15.30.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:45

Við pennann: Elsa Albertsdóttir